

Nd. 663. Frumvarp til laga

um brunatryggingar á Siglufirði.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að semja um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Siglufirði við eitt eða fleiri tryggingarfélag, enda staðfesti atvinnu-
málaráðherra samninginn. Allar tekjur, sem verða af slíkri starfsemi, skulu skattfrjalsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félagum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitæki, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir allt að 1000 krónum fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Siglufjarðar.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Frv. er að mestu samhljóða frv. því, sem þm. Akureyrarkaupstaðar flytur á þinginu, og byggt á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Bæjarstjórn Siglufjarðar telur sig geta lækkað brunabótaiðgjöld í Siglufjarðar-
kaupstað, ef hún fær aðstöðu til þess að leita tilboða í tryggingarnar hjá fleiri en einu félagi.